

FUNDARGERÐ

134. FUNDAR HEILBRIGÐISNEFNDAR VESTURLANDS

Mánudaginn 4. apríl 2016 kl: 15:30 var haldinn fundur hjá Heilbrigðisnefnd Vesturlands í Ráðhúsi Borgarbyggðar í Borgarnesi.

Á fundinum voru:

Ingibjörg Valdimarsdóttir (IV), formaður
Trausti Gylfason (TG)
Ólafur Adolfsson (ÓA)
Hulda Hrönn Sigurðardóttir (HHS)
Hafdís Bjarnadóttir (HB)

Á fundinum voru auk nefndarmanna Helgi Helgason framkvæmdastjóri og Ása Hólmarsdóttir heilbrigðisfulltrúi sem ritaði fundargerð. Sigrún Guðmundsdóttir boðaði forföll og varamaður hennar komst ekki. Eyþór Garðarsson komst ekki og var Hafdís Bjarnadóttir boðuðu í hans stað. Ragnhildur Sigurðardóttir boðaði forföll. Hulda Hrönn vék af fundi eftir afgreiðslu dagskrárliðar nr. 3.

Formaður bauð fundarmenn velkomna og var síðan gengið til dagskrár.

1. Ársreikningur HeV 2015.

Framkvæmdastjóri kynnti ársreikning 2015.

Ársreikningur samþykktur og undirritaður.

Samþykkt að leggja ársreikninginn fyrir aðalfund HeV þann 6. apríl n.k

2. Aðalfundur HeV, miðvikudaginn 6. apríl 2016, Hótel Hamri við Borgarnes.

Stjórnarmönnum er heimilt að sækja fundinn.

3. Ísgöng Langjökli - In to the Glacier. Meðferð og geymsla eldsneytis.

Framkvæmdastjóri greindi frá erindi frá fyrirtækinu frá 29. mars s.l um að auka við eldsneytisgeymslur á umráða svæði fyrirtækisins við Langjökul.

Rætt um efni bréfsins en ákvörðun frestað þar til breytt skipulag liggur fyrir.

4. Umsagnir til sýslumanns – Rekstrarleyfi veitinga- og gistaða.

Flugleiðahótel ehf, Hótel Edda Laugum Sælingsdal, Dalabyggð. – *Endurnýjun.*

Nes, Reykholtssdal, golfskáli og heimagisting. – *Endurnýjun*

Söluskáli Ó.K. Ólafsbraut 27, Ólafsvík, veitingar- *Endurnýjun*

Suða ehf, Smiðjustígur 4, Grundarfirði, íbúðargisting- *Nýtt*

Skálholt 6, Ólafsvík, heimagisting.- *Endurnýjun*

Gistiver ehf, Hótel Egilsen, Aðalgata 2, Stykkishólmi, veitingar, gisting.- *Endurnýjun*

Englendingarvík ehf, Skúlagata 17, Borgarnesi. Veitingar. – *Nýr rekstraraðili*

Sjávarborg, Skúlagötu 17a, Borgarnesi. – Heimagisting - *Nýtt*

Bjarg, Borgarnesi. Gistiheimili. - *Endurnýjun*

Grá-Hraun ehf, Hreðavatnsskáli, Borgarbyggð, veitingar og gisting. – *Nýr rekstraraðili*

Framlagt

5. Umsagnir til sýslumanns vegna tækisfærisleyfa

Hjálmaklettur, Körfuknattleiksdeild Skallagríms, dansleikur 18. mars'16

Félagsheimilið Lyngbrekka, Borgarbyggð. Mýraeldahátíð , 9. apríl'16

Framlagt

6. Aðrar umsagnir.

Hvalfjarðarsveit.- Umsögn send ASK arkitektum vegna teikninga af iðnaðarhúsnæði á Leynisvegi 6 á Grundartanga.

Framlagt

7. Önnur mál.

-Umsögn um drög að reglugerð um lítil matvælafyrirtæki og hefðbundin matvæli.

Umsögn send frá Samtökum Heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi (SHÍ) til Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytis 23.3'16.

Framkvæmdastjóri greindi frá helstu atriðum í reglugerðinni.

-Arctic Prótín Borgarnesi.

Svar barst frá fyrirtækinu til HeV, dags. 7. mars'16, vegna athugasemda HeV. Sjá fund HeV nr. 133.

Framlagt

- Asbest í umferð. (Sementsverksmiðja og OR).

Framkvæmdastjóri greindi frá tveimur málum þar sem asbest kemur við sögu. Annars vegar er það niðurrif á plötum úr asbesti á járngrind í vegg við Sementsverksmiðjuna á Akranesi og svo meðferð og eyðing á asbestsrörum frá OR sem verið var að grafa upp í Hvalfjarðarsveit.

Framlagt

-GMR Endurvinnslan ehf. Reglubundið eftirlit UST 9. febrúar s.l

Framlagt

-Merki HeV (logo).

Framkvæmdastjóri lagði fram tillögu að merki HeV.

Framkvæmdastjóra falið að vinna málið áfram í samræmi við umræður á fundinum.

-Heilbrigðisnefnd Vesturlands – Breytingar.

Ólafur Adolfsson tilkynnti að hann muni láta af störfum í Heilbrigðisnefnd Vesturlands á aðalfundi HeV. Þakkaði hann fyrir gott samstarf við starfsmenn HeV og samstarfsfólk í nefndinni. Formaður og framkvæmdastjóri þökkðu Ólafi fyrir góð störf í þágu HeV á síðustu árum.

-Umhverfisvöktun á Grundartanga.

Opinn kynningarfundur 14. apríl, Félagsheimilinu Miðgarði.

Stjórnarmönnum er heimilt að mæta á fundinn.

Fundi slitið kl: 17:30